

Mál nr. 58/2010

M og

Vátryggingafélagið V v starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra(B)

Röng staðsetning á húsi þ. 1.10.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.2.2010 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V dags. 20.2.2009 og 15.3.2010 og fylgiskjöl 1-3

Málsatvik.

M og B gerðu með sér verksamning þar sem B tók að sér byggingarstjórn við byggingu húss fyrir M. Mistök voru gerð við útsetningu á sökklum hússins og var það ranglega staðsett vegna þess og byggingarframkvæmdir stöðvaðar. M krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V vegna þessara mistaka en V hafnar bótaskyldu og bendir á að B hafi fengið fyrirtæki til að sjá um jarðvinnu og mælingavinnu og við vinnu þess fyrirtækis hafi orðið þau mistök að húsið var ranglega staðsett og beri byggingarstjóri ekki ábyrgð á óvönduðum vinnubrögðum þessa fyrirtækis. V heldur því fram að B hafi tvívegis afhent starfsmönnum fyrirtækisins sem mældu fyrir staðsetninu hússins mæliblað en þeir ekki notað umrædd gögn til staðfestingar á staðsetningu hússins.

Álit.

Ekki er um það deilt að við útsetningu á sökklum hússins þá var fyrirhuguð bygging ranglega staðsett á byggingarlóðinni. Byggingarstjóri hefur borið að hann hafi sent starfsmönnum nafngreinds fyrirtækis mælingar vegna fyrirhugaðrar staðsetningar. Ekki liggur fyrir hvort þær mælingar byggingarstjóra hafi verið fullnægjandi eða ekki. Byggingarstjóri ber ábyrgð á því að hús sé rétt staðsett á byggingarlóð og mælingar fyrir útsetningu fullnægjandi, og bar honum að ganga úr skugga um að svo væri áður en byggingarframkvæmdir við húsið hófust. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V en ekki er tekin afstaða til bótafjárhæðar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V en ekki er tekin afstaða til bótafjárhæðar.

Reykjavík 30.3. 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.